

**Nd.**

**865. Nefndarálit**

[257. mál]

um frv. til jarðalaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt efni frumvarpsins á fundum sínum.

Á Alþingi 1973—74 var frumvarp til jarðalaga til meðferðar í landbúnaðarnefnd neðri deildar og hafði nefndin skilað álit og breytingartillögum og tryggt málinu meiri hluta fylgis gegnum báðar deildir, þegar þingið var rofið 1974.

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu hefur nefnd þingmanna úr stjórnarflokkunum ásamt Sveinbirni Dagfinnssyni ráðuneytisstjóra og Árna Jónassyni erindreka unnið að því síðastliðinn vetur að endursemjja frumvörpin um jarðalög og ábúðarlög. Niðurstaðan varð sú, að um öll atriði náðist full samstaða, enda voru nefndarmenn sammála um það, að ekki mætti dragast lengur að lögfesta þessi frumvörp.

Við 1. umræðu málsins lagði landbúnaðarráðherra fram breytingartillögu við 26. gr. og mælir nefndin með samþykkt hennar.

Landbúnaðarnefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hún leggur fram á sérstöku þingskjali.

Við endanlega afgreiðslu málsins voru Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson fjarstaddir.

Alþingi, 17. maí 1976.

Stefán Valgeirsson,  
form., frsm.

Þórarinn Sigurjónsson,  
fundaskr.

Pálmi Jónsson.

Ingólfur Jónsson.

Friðjón Þórðarson.